# BYGGINGARLÝSING

Raðhúsið, sem hýsir sex einnar hæðar íbúðir með innbyggðum bílageymslum, er staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak með þakpappa og bárujárni á lektugrind. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

ÞAK. Þak er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steyptum útveggjum og steyptum bitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur soðin pappaklæðning og bárujárn á lektugrind. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 3 og 9 gráður. 600mm kúlulaga þakgluggar eru yfir miðrýmum í húsum þar sem ekki verður komið við gluggum á hliðarveggjum.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir á hefðbundinn hátt, og einangrað að innan með 100mm polystyren einangrun. Húsið er múrað að utan með sléttri áferð. Allir múraðir fletir verða málaðir hvítir, nema fletir við innganga og í kringum valda glugga sem verða dökkgráir.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. 600mm kúlulaga þakgluggar eru yfir miðrýmum í húsum þar sem ekki verður komið við gluggum á hliðarveggjum.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftaklæðningar í bílageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitalagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bílageymslu.

BRUNAVARNIR. Bílageymsla skal hólfuð af með Ei-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

HNOÐRAVELLIR 9
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202.0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 654,480m3
Lóðarstærð er 509,2m2, nýtingarhlutfall=0,33

HNOÐRAVELLIR 11
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202,0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 654,480m3
Lóðarstærð er 387,3m2, nýtingarhlutfall=0,44

HNOÐRAVELLIR 13
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202,0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 650,680m3
Lóðarstærð er 366,5m2, nýtingarhlutfall=0,46

HNOÐRAVELLIR 15
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202,0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 650,680m3
Lóðarstærð er 345,8m2, nýtingarhlutfall=0,49

HNOÐRAVELLIR 17
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202,0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 650,680m3
Lóðarstærð er 325,0m2, nýtingarhlutfall=0,52

HNOÐRAVELLIR 19
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 202,0m2
Heildarrúmmál: 788,6m3
Skiptarrúmmál: 650,680m3
Lóðarstærð er 430,6m2, nýtingarhlutfall=0,39

Samþykkt þann
19 SEP 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
f.h. Jón Sigurðsson

Úr Gildi




**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

BO STÆRÐ — Björgunarop
EI-60 — Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.
EICS-60 — Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.
R — Reykskynjarar


aOK!
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

verk: HNOÐRAVELLIR 9-19 - Hafnarfjörður - raðhús
teikning: Grunnmyndir - byggingarlýsing
blaðstærð: A1
AÐALUPPDRÁTTUR
mkv: 1:500
hannað: KE
teiknað: KE
0701 201
dags. 16.júní 2007
prentað 30.08 2007


Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.